

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 215/2014****2015/EES/52/07****frá 24. október 2014****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 202/2014 frá 3. mars 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 212/2014 frá 6. mars 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir aðskotaefnið sítrínín í fæðubótarefnum sem eru að stofni til úr hrisgrjónum gerjuðum með rauðu geri (*Monascus purpureus*) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 246/2014 frá 13. mars 2014 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka tiltekin bragðefni af skrá Sambandsins ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 298/2014 frá 21. mars 2014 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar magnesíumtívetnisdífosfat til notkunar sem lyftiefni og sýrustillir ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006):
„– **32014 R 0212**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 212/2014 frá 6. mars 2014 (Stjtið. ESB L 67, 7.3.2014, bls. 3).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008) og 69. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012):
„– **32014 R 0298**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 298/2014 frá 21. mars 2014 (Stjtið. ESB L 89, 25.3.2014, bls. 36).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzzs (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008):
„– **32014 R 0246**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 246/2014 frá 13. mars 2014 (Stjtið. ESB L 74, 14.3.2014, bls. 58).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 62, 4.3.2014, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 67, 7.3.2014, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 74, 14.3.2014, bls. 58.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 89, 25.3.2014, bls. 36.

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 55. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011):

„– **32014 R 0202**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 202/2014 frá 3. mars 2014 (Stjtið. ESB L 62, 4.3.2014, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 202/2014, (ESB) nr. 212/2014, (ESB) nr. 246/2014 og (ESB) nr. 298/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.